

Efni fundar: 20. fundur kennararáðs, sjá meðf. dagskrá

Kópavogi, 23. júní 2022

Tilvísun: M22060082

Fundarmenn: Anna María Gunnarsdóttir, Birgir Ásgeirsson, Freyja Hreinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Ingimar Ólafsson Waage, Kristinn Þorsteinsson, Jónína Hauksdóttir (fyrir Harald F. Gíslason), Sonja Dögg Pálsdóttir, Svandís Ingimundardóttir (fyrir Karl Frimannsson) og Þorgerður Laufey Diðriksdóttir.

Fjarverandi: Ragnar F. Ólafsson

Fundarritarar: Birgir Ásgeirsson og Sonja Dögg Pálsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Dagskrá fundar og fundargerð 19. fundar
2. Leiðbeiningar um mat á sérhæfingu kennara við ráðningu
3. Drög að starfsáætlun 2022-2023
4. Reglugerðin – staða
5. Tillaga að fundartímum starfsársins 2022-2023
6. Minnisblað til ráðherra um Menntafléttuna
7. Önnur mál

Umræður og ákvarðanir:

1. Formaður bar upp dagskrá fundarins og fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrá né fundargerð 19. fundar og skoðast hún því samþykkt.
2. Kynntar voru lokaniðurstöður könnunar sem send var út til stjórnenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum ásamt tillögum að eftirfylgni niðurstaðna. Fundarmenn létu í ljós ánægju sína með könnunina og voru tillögurnar samþykktar. Samþykkt að setja niðurstöðurnar með tillögum aðgengilegar á vef kennararáðs. Fulltrúar kennararáðs frá þeim aðilum sem tillögurnar beinast að eru beðnir að fylgja viðeigandi tillögum eftir og lagt til að send verði áminning til stjórnenda að lágmarki einu sinni á ári (feb/mar). Jafnframt var lagt til að háskólar sem mennta kennara, KÍ, SMÍ og sambandið sendi niðurstöðurnar til síns baklands með óskum um að niðurstöðurnar verði kynntar. Starfsmanni kennararáðs þakkað fyrir utanumhald könnunarinnar.
3. Drög að starfsáætlun fyrir 2022-2023 lögð fram. Formaður kynnti. Nokkur umræða um ákveðna þætti áætlunarinnar og hvernig kennararáð geti uppfyllt hlutverk sín skv. lögnum á raunhæfan hátt. Lagt til að ráðið leggi drög að því hvernig það geti sinnt hlutverki sínu sem snýr að því að veita ráðgjöf um starfsþróun kennara og skólastjórnenda og notkun hæfniramma við útfærslu og framkvæmd hennar. Lokadrög starfsáætlunar verða lögð fyrir næsta fund þegar tekið hefur verið

tillit til athugasemda sem bárust á fundinum. Formaður bað ráðsmenn að senda einnig ábendingar/tillögur um breytingar á sig á næstu dögum.

4. Varaformaður kynnti stöðu reglugerðarinnar. Sérstök umræða um hæfni í íslensku. Reglugerðardrögin verða send á ráðsmeðlimi eftir fund og þeir beðnir um að senda athugasemdir/tillögur til baka. Næstu skref snúa að yfirlestri lögfræðinga ráðuneytisins áður en reglugerðin fer í samráðsgátt stjórnvalda.
5. Formaður lagði fram tillögu að fundartímum starfsárið 2022-2023. Að jafnaði fundað fjórða fimmtudags hvers mánaðar kl. 13-15. Í desember 2022 væri þó um þriðja fimmtudags þess mánaðar að ræða. Tillagan samþykkt. Fundarboð verður sent í framhaldi fyrir ágúst 2022-júní 2023.
6. Formaður kynnti drög að minnisblaði til ráðherra um mikilvægi þess að líftími Menntafléttunnar strandi ekki á skorti á fjármagni. Vel tekið í efni minnisblaðsins. Nokkrar breytingar unnar á tillögunni eftir umræðu á fundinum. Formaður sendir minnisblaðið til ráðherra. Önnu Maríu hjá KÍ, varaformanni og starfsmanni kennararáðs þakkað fyrir vinnuna sem kemur að minnisblaðinu.

Næsti fundur:

25. ágúst 2022 kl. 13-15.

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara:

BÁ/SDP